

FRAMTÍÐARSTEFNA UM NOTKUN ST. JÓSEFSSPÍTALA

15. OKTÓBER 2017

LOKASKÝRSLA



STARFSHÓPUR

GUÐRÚN BERTA DANÍELSDÓTTIR, KARL GUÐMUNDSSON, SIGRÍÐUR BJÖRK
JÓNSDÓTTIR, ELVA DÖGG ÁSU- OG KRISTINSDÓTTIR.
STARFSMAÐUR OG VERKEFNASTJÓRI: SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR

SKÝRSLA STARFSHÓPS UM ST. JÓSEFSSPÍTALA, HAFNARFIRÐI



ÚTDRÁTTUR

29. júní 2017 skipaði bæjarráð Hafnarfjarðar starfshóp sem vinna skyldi að framtíðarstefnu um nýtingu St. Jósefsspítala. Hópurinn átti viðtækt samstarf við bæjarbúa og hagsmunaaðila og fékk fjölmargar tillögur. Leiðarljós hópsins var HEILSA-SAMFÉLAG-SKÖPUN og út frá öllum fyrirliggjandi gögnum, tillögum og samtölum eru þrjár tillögur lagðar fram í þessari skýrslu.

INNGANGUR

Árið 2017 eignaðist Hafnarfjarðarbær húsnæði St. Jósefsspítala að Suðurgötu 41 í Hafnarfirði. Húsið hafði þá staðið autt síðan 2011 er ríkið hætti allri starfsemi þar. Þær kvaðir eru í kaupsamningi að í húsinu skuli rekin almannaþjónusta næstu 15 árin eða að ríkinu verður greidd hlutdeild í þeim tekjum er kunna að hljóta af útleigu hússins fyrir aðra starfsemi. Hafnarfjarðarbær kaus að nýta húsið til almannaðjónustu og skipaði starfshóp til að vinna að tillögum að framtíðarnotkun hússins.

Tekið var á móti tillögum til 15. september 2017 og bárust alls 157 tillögur til starfshópsins

Hópnum var fljótlega ljóst að ekki yrði hægt að reka áfram hefðbundinn spítala í byggingunni vegna ákvæða um skiptingu ábyrgðar á milli ríkis og sveitarfélaga í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Starfshópurinn hafði því að leiðarljósi orðin HEILSA – SAMFÉLAG – SKÖPUN og leggur fram þrjár tillögur að framtíðarstarfsemi í St. Jósefsspítala. Brýnt er að hafa í huga að húsnæðið verði sjálfbært, fjölnota og sveigjanlegt. Í stað þess að leggja fram tillögu eins aðila ákvað hópurinn að nýta tillögurnar í hugmyndavinnu og safna saman því besta úr nokkrum innsendum tillögum til að skapa hugmyndir að framtíðarnotkun hússins.

AÐDRAGANDI, STOFNUN STARFSHÓPS

Í júní 2017 náðust samningar um kaup Hafnarfjarðarbæjar á 85% eignarhlut ríkissjóðs í St. Jósefsspítala að Suðurgötu 41, skrifað var undir kaupsamning þann 30. júní 2017. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 29. júní 2017 að skipa starfshóp um mótun framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala og skipaði eftirtalda í hópinn, Guðrúnu Bertu Daníelsdóttur, Karl Guðmundsson, Sigríði Björk Jónsdóttur og Elvu Dögg Ásudóttur Kristinsdóttur. Starfsmaður og verkefnastjóri hópsins skyldi vera Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram hlutverk hópsins og þar segir: "Meginverkefni starfshópsins er að móta framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala þar sem gengið skal út frá því að í húsinu verði rekin almannaðjónusta".



FUNDIR, FERÐIR OG OPIÐ HÚS



Starfshópurinn tók til starfa strax eftir skipun hans. Fyrsti fundur hópsins var haldinn 6. júlí 2017. Á fundinum var ákveðið að Guðrún Berta skyldi vera formaður hópsins. Fyrsta fundinum lauk með vettvangsferð um húsnæði St. Jósefsspítala. Alls hélt hópurinn 13 vinnufundi. Starfshópurinn boðaði hagsmunaaðila til fundar og óskaði eftir greinargerðum frá stofnunum og ráðum bæjarfélagsins. Hópurinn fundaði einnig með fleiri áhugasömum aðilum.

Farið var í ferð til Ísafjarðar og skoðað safnahúsið sem er í Gamla sjúkrahúsinu, Eldborgarhúsið sem er eitt af menningarhúsum Ísafjarðar og húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar er sem er í húsnæði sem áður var hýsti Húsmæðraskólann Ósk. Þá var haldið opið hús í St. Jósefsspítala 2. september 2017 og komu ríflega 700 manns á opna húsið. Þar var saga hússins kynnt og boðið upp á skoðunarferðir með leiðsögn fyrrum starfsmanna spítalans.


HÚSIÐ OG SAGA ÞESS

St. Jósefsspítali er alls 2829 m² á fjórum hæðum, með áfastri kapellu og þjónusturými í kjallara ásamt viðbyggingum baka til. Húsið stendur á gróinni lóð við Suðurgötu 41 og er aðgengi að byggingunni bæði frá Suðurgötu og baka til frá Hringbraut. Spítalinn er byggður í 3 megináföngum auk smærri viðbygginga og breytinga. Fyrsti áfangi var byggður árið 1926 og var það húsameistari ríkisins Guðjón Samúelsson sem teiknaði spítalann enda var það hlutverk hans að teikna svo að segja allar opinberar byggingar á landinu. Hvað varðar hönnun og útlit hússins sem er steinsteypu-hús í nýklassískum stíl má sjá mikla samsvörun við gamla sjúkrahúsið á Ísafirði sem síðar er vikið að í skýrslunni. Byggingameistari var hafnafirski athafna- maðurinn Ásgeir G. Stefánsson sem um tíma var forstjóri bæjarútgerðarinnar og bæjarfulltrúi. Hann reisti einnig fjölmörg falleg og hús í Hafnarfirði á þessum tíma sem eru góðir fulltrúar

svokallaðrar steinsteypu- klassíkur. Árið 1954 var spítalinn stækkaður í norður og byggt yfir kapelluna sem áður var frístandandi, og svo aftur sunnan við árið 1973 en þeirri viðbyggingu var þó ekki lokið fyrr en um 1978. Þar voru m.a. útbúnar nýjar skurðstofur og íbúð fyrir systurnar á efri hæðum. Byggingin var hönnuð af þeim Einari Sveinssyni og Guðmundi Guðmundssyni, en framkvæmdir sem fyrr í höndum Ásgeirs og byggingarfélagsins Þórs. Sigurgeir Guðmundsson skólustjóri Iðnskólans í Hafnarfirði teiknaði viðbygginguna sem gerð var 1973- 1978. Fyrsta lyftan kom í húsið 1954 en þær eru hvor í sínum enda byggingarinnar. Glerbyggingin við inngang eða nýtt anddyri var reist um aldamótin 2000. Af þessu má sjá að spítalinn hefur verið í stöðugri þróun og ber húsið þess glöggt vitni, og er hægt að greina ólíka tíma m.a. í innréttingum þrátt fyrir að reynt hafi verið að aðlaga viðbyggingar að upphaflegu byggingunni.

Systur St. Jósefsreglunnar sinntu hvoru tveggja, heilsugæslu og hjúkrun í spítalanum sjálfum og ráku skóla fyrir ung börn allt frá 1938 upp undir 1970, sem síðar varð barnaheimili/leikskóli og rekinn sem slíkur allt til 1983. Árið 1977 var spítalinn gerður að sjálfseignarstofnun og hættu systurnar afskiptum af rekstri hans en störfuðu áfram við umönnun og hjúkrun. Ríkið keypti spítalann árið 1987 og var það þá sem Hafnarfjarðarbær eignaðist 15% hlut sinn í húsinu á móti 85% hluta ríkisins, í samræmi við lög um aðkomu sveitarfélaga (1). Næst voru gerðar breytingar í rekstri stofnunarinnar sem hafði þá verið rekin sem sjálfseignarstofnun, árið 2006 þegar St.Jósefsspítali var sameinaður hjúkrunarheimilinu á Sólvangi. Heilbrigðisþjónusta í St. Jósefsspítala lagðist að lokum alfarið af árið 2011 og var öll starfsemi flutt á Landspítalann í Reykjavík.

(1) Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html>



HVAÐ ER MÖGULEGT AÐ HAFA Í HÚSINU?

Margar tillagnanna sem bárust til starfshópsins voru tillögur um rekstur sjúkrahúss á þeim grunni sem St. Jósefsspítali var rekinn á í rúm 80 ár. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er það á forræði ríkis en ekki sveitarfélaga að ákveða rekstur sjúkrahúsa og hefur ríkið ekki í hyggju að reka sjúkrahús í Hafnarfirði. Frá því að starfsemi spítalans var lögð niður hefur ýmislegt breyst hvað varðar viðmið og staðla á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum í tengslum við ýmis konar viðmið um rekstur hjúkrunarheimila og dvalarstofnana, sem margir spítalar þurfa að sinna miðað við ástand í öldrunarmálum. Það er nokkuð ljóst að húsnæði St. Jósefsspítala þjónar ekki þessum þörfum né uppfyllir skilyrði um rekstur t.d. skurðstofa eða annað sem áður var hluti af daglegri starfsemi hans (2). Það er ekki eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga að reka spítala, en hins vegar kemur fram í 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 að: Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga sé „að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar.“ Skal það gert með því:

- a. að bæta lífsskjör þeirra sem standa höllum fæti,
- b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
- c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
- d. að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Ennfremur kemur þar fram að við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Starfshópurinn hefur horft til þessara skilgreininga við tillögu gerð að framtíðarnotun, þar sem um er að ræða eitt af lykilhlutverkum í starfsemi sveitarfélaga og þjónustu við íbúa þess. Heilbrigðismál heyra til verkswiðs ríkisins og er það í verkahring ríkisins að koma á stofn og reka heilbrigðisstofnanir og sjá til þess að hér á landi sé rekin öflug og góðar heilbrigðisstofnanir. Sveitarfélög koma einungis að málaflokknum að takmörkuðu leyti og þá í gegnum sérsamninga við sjúkratryggingar íslands að uppfylltum skilyrðum sem sett eru fram í reglugerð landlæknisembættis um eftirlit með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur frá 2007.

SKIPULAGSMÁL

Þegar starfshópurinn fór að skoða hvaða möguleika húsið hafði upp á að bjóða þurfti að kanna hvaða hlutverki því er ætlað í skipulagsáætlunum bæjarins, en í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er sett fram stefna Hafnarfjarðarbæjar um landnotkun og þjónustu allt til ársins 2025. Í tengslum við viðhald og endurbætur á byggingunni þarf jafnframt að skoða vel aðgengi að byggingunni og samhengi við nærliggjandi byggð og starfsemi, en hópurinn metur það svo að það sé utan við starfssvið hans en komi eðlilega til skoðunar þegar ákvörðun hefur verið tekin um rekstur. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 kemur fram að lóð St.Jósefsspítala er skilgreind sem lóð fyrir samfélagsþjónustu, nr. S20 (sjúkrahús og leikskóli) en lóðin er um 1 ha að stærð. Í greinagerð aðalskipulagsins eru sett fram eftirfarandi ákvæði um stofnanalóðir:

Almenn ákvæði: Á þessum svæðum skulu vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, sveitarfélagsins eða annarra aðila. Ekki skal gera ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi eða íbúðum á þessum svæðum nema húsvarðaríbúðum í einstökum tilvikum. (3)

Einnig er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið, Deiliskipulag: Suðurbær sunnan hamars sem tók gildi 2014. Þar er lóðin skilgreind sem stofnanalóð, ásamt lóð fyrrum leikskólans Kató við Hlíðarbraut. Um landnotkunina, stofnanalóðir (samfélagsþjónusta) segir í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Samfélagsþjónusta: „Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“ Af þessu má sjá að ekki er nauðsynlegt að gera breytingar á skipulagi til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í kaupsamningi um að starfrækja þjónustu í almannapágu í byggingunni, enda falli núverandi landnotkun vel að þess konar skilgreiningu. Hins vegar kann að vera að gera þurfi lagfæringar á lóð sem kalli á minni háttar breytingar á deiliskipulagi svo sem varðandi aðkomu eða annað.




HUGMYNDIR UM FRAMTÍÐARNOT



Ein af skyldum starfshópsins var að gefa öllum hagsmunaaðilum kost á að koma sínum hugmyndum á framfæri og boðaði hópurinn því til opins húss í St. Jósefsspítala þann 2. september sl. Tóku bæjarbúar vel í þetta framtak þar sem um 700 gestir mættu og var skilað inn 79 tillögum á þessum degi í þar til gert tillögubox. Gestum gafst tækifæri á að skoða húsið undir leiðsögn og nýttu sér fjölmargir þann möguleika. Til viðbótar við opið hús þá hafði starfsemi hópsins verið auglýst á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar sem og á samfélagsmiðlum og voru nokkur samtök sem óskuðu eftir samtali við hópinn. Starfshópurinn hitti alla sem óskuðu eftir fundi og hlýddu á þeirra tillögur, væntingar og langanir. Aðrar tillögur bárust síðan beint til Hafnarfjarðarbæjar eða til hópsins með tölvupósti. Starfshópurinn lokaði fyrir tillögusendingar þann 15. september en þó bárust örfáar tillögur eftir þann tíma og var tekið tillit til þeirra við úrvinnslu gagna þrátt fyrir að skilafrestur væri útrunninn.

Alls bárust 157 tillögur til starfshópsins og voru þær flokkaðar í 5 hópa; Atvinnulíf, heilbrigðismál, menningarmál, öldrunarmál og erindi sem ekki uppfylla samfélagsþjónustu.

Hver tillaga sem var móttækin var flokkuð í einn af fimm hópunum og starfshópurinn fór svo yfir tillögur í heild sinni.





REKSTUR Í SÖGULEGU HÚSI

ATRÍÐI SEM ÞARF AÐ HAFA Í HUGA


Í sögulegu húsi eins og St Jósefsspítala þarf að huga að ýmsu þótt húsið sé ekki friðað. Þar sem húsið var byggt í áföngum á síðustu 90 árum hafa bygginga-reglugerðir og almennar kröfur til opinberra bygginga breyst töluvert. Áður hefur komið fram að töluverður kostnaður mun hljótask af endurbótum á húsinu en að auki má gera ráð fyrir að ýmis konar aðlögun þurfi á húsnæðinu til að koma fjölbreyttri starfsemi þar fyrir. Það má þó hafa í huga að hentugt getur verið að áfangaskipta framkvæmdum við endurbætur og aðlögun hússins að nýju hlutverki. Starfshópurinn leggur ríka áherslu á að eins mikið verði varðveitt af upprunalegum einingum, húshlutum, einkennum og innréttingum og mögulegt er. Gott dæmi um fallega einkennandi þætti sem má halda í og gera hærra undir höfði eru flísar á gólfi kapellunnar.

Finna verður jafnvægi í að viðhalda slíkum einkennum og þörfum þeirrar starfsemi sem kemur í húsið og nútímakröfum. Sérstaklega er mælt til að allar endurbætur á ytra byrði hússins verði unnar í samráði við Húsafriðunarnefnd. Þá er mikilvægt að leggja rækt við og varðveita sögu spítalans og systranna á áþreifanlegan hátt til dæmis með viðhaldi einstakra byggingarhluta eða innréttinga sem veita innsýn inn í þá starfsemi sem í húsinu var lengst af. Það má til að mynda gera með ljósmyndum og varðveislu og sýningu einstakra gripa á staðnum sem tengdust starfseminni og mætti horfa til vel heppnaðra tenginga við söguna í endurgerð gamla sjúkrahússins á Ísafirði sem fyrirmynd af góðu samspili sögumiðlunar og lifandi starfsemi. Mælt er til að Byggðasafn bæjarins verði haft í ráðum í öllu endurbótaferlinu.



Mikilvægt er að allar endurbætur verði eins almennar og mögulegt er, þ.e. að ekki verði ráðist í sértækar dýrar framkvæmdir sem nýttast hugsanlega ekki nema fyrir sértæka starfsemi. Búast má við því að það taki einhver ár að finna réttu blönduna í húsnæðinu og að einhverjir hverfi á braut innan fárra mánaða. Starfshópurinn kynnti sér rekstur í t.a.m. þremur sögulegum byggingum á Ísafirði sem hver um sig hefur sín einkenni og sögu. Nærtækasta dæmið var Gamla sjúkrahúsið sem einmitt var teiknað af Guðjóni Samúelssyni og var vígt aðeins um ári á undan St. Jósefsspítala. Árið 2003 var húsið endurvígt sem safnahús og þar eru nú starfrækt fjögur söfn undir einu þaki; bókasafn, héraðs-skjalasafn, listasafn og ljósmyndasafn. Endurbætur á húsinu voru að stórum hluta kostaðar með framlagi ríkisins í tengslum við

uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni. Húsið er rekið af Ísafjarðarkaupstað og heyrir starfsemin undir atvinnu- og menningarmálanefnd. Einnig var Edinborgarhúsið skoðað en þar er rekin fjölbreytt menningarstarfsemi í verslunarhúsnæði frá árinu 1907 en húsið og reksturinn eru í eigu sjálfstæðs félags með fjölda hluthafa. Þriðja sögulega húsið sem var skoðað á Ísafirði var gamli húsmæðraskólinn sem nú hýsir Tónlistarskóla Ísafjarðar. Í húsnæði tónlistarskólans hefur tekist afar vel upp við að halda í gamlar einingar og innréttingar frá fyrri tíð í bland við aðlögun að nýju hlutverki. Eðli endurbóta er oft þannig að langan tíma tekur að breyta húsnæðinu og aðlaga að nýjum þörfum. Því má búast við því að húsnæðið verði tekið í notkun í áföngum. Því þarf að huga að því hvaða starfsemi getur byrjað sem fyrst með sem minnstum tilkostnaði.



REKSTRARFORM OG UTANUMHALD

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi fellur ábyrgð á nýbyggingum, rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu bæjarins undir Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Sviðið hefur m.a. það hlutverk að sjá um gerð nýbygginga, skipuleggja viðhaldsverkefni og sinna rekstri húsnæðisskrifstofu vegna félagslegra íbúða. Hafnarfjarðarbær innheimtir innri leigu af sviðum og stofnunum sem nota húsnæði í eigu bæjarins. Miðað við tillögur starfshópsins yrði rekstur húsnæðis St Jósefsspítala á forræði umhverfis- og skipulagsþjónustu sem myndi sjá um innheimtu leigu af leigutökum, hvort sem þeir væru einstök svið og stofnanir bæjarins eða aðilar ótengdir rekstri Hafnarfjarðar-kaupstaðar. Hugsanlegt er að stofnað verði sérstakt rekstrarfélag í eigu bæjarins sem heldur utan um rekstur hússins.

Mikilvægt er að unnið verði á virkan hátt næstu árin að móta starfsemina og lagt er til að sérstakt fagráð eða stjórn verði sett yfir starfsemi hússins. Hlutverk slíks ráðs yrði að framfylgja þeirri stefnu sem bæjarráð/bæjarstjórn mótar út frá tillögum starfshópsins. Fagráðið myndi sjá til þess að reksturinn væri í stöðugri þróun en myndi ekki staðna og verða byrði á rekstri bæjarins.

Sambærlegt ráð væri t.d. bíóráð sem fjallar um starfsemi Bæjarbíós. Slíkt fagráð eða stjórn gæti verið skipað fulltrúum eigenda (Hafnarfjarðarbæjar), rekstraraðila (félagasamtök/þjónusta) og annarra hagsmunaaðila (félagasamtök/íbúar). Hlutverk stjórnar eða fagráðs yrði jafnframt að hafa yfirsýn yfir rekstur í húsinu, gera samninga um leigu og taka á mögulegum árekstrum varðandi starfsemi í góðri samvinnu við stjórnsýslu bæjarins.

Til þess að daglegur rekstur hússins gangi smurt fyrir sig er nauðsynlegt að ráða verkefnastjóra með aðsetur í húsinu. Hlutverk verkefnastjórans yrði að sjá um daglegan rekstur (sinna þörfum leigjenda, skipuleggja sameiginlega notkun hússins, sinna smávægilegu viðhaldi, sjá til þess að notkun hússins sé í samræmi við stefnu fagráðsins). Hlutverk verkefnastjóra væri einnig að gera leigusamninga við nýja leigutaka sem myndu passa við þau skilyrði sem yrðu sett fram í stefnu hússins.

Kostnaður við starfsmann hússins yrði greiddur með hluta af leigutekjum, einkum þegar fram í sækir og nýting orðin góð.



TILLÖGUR

Við yfirferð á innsendum tillögum er ljóst að Hafnirðingum eru forvarnir, andlegt heilbrigði, öldrunarstarf og endurhæfing ofarlega í huga þó svo nokkrar tillögur hafi snúið að því að endurvekja rekstur St. Jósefsspítala í óbreyttri mynd. Eins og áður hefur komið fram þótti starfshópnum sú hugmynd ekki framkvæmanleg vegna lagalegra ákvæða sem sjá má í sérkafla. Margir lögðu til að starfsemi bókasafnsins ætti að flytjast í húsið en við skoðun á burðarvirki hússins er talið að húsið myndi ekki bera slíkan þunga sem fylgir bókasafni.

Þess má geta að Bókasafn Hafnarfjarðar er þriðja stærsta útleigubókasafn landsins og sem slíkt fer húsnæðisþörf þess áfram vaxandi og St. Jósefsspítali getur ekki vaxið áfram með bókasafninu og framtíðarþörfum þess.

Starfshópurinn leggur fram þrjár tillögur sem Hafnarfjarðarbær getur skoðað fyrir framtíðarstarfsemi í húsinu. Lagt er upp með að húsið verði sveigjanlegt með fjölnota rekstur og forðast skal sértækar innréttingar sem erfitt er að breyta í framtíðinni.

TILLAGA 1 - LÍFSGÆÐASETUR

HEILSA, SAMFÉLAG OG SKÖPUN


Margar tillögur bárust starfshópnum er snéru að heilbrigðismálum. Yfirskrift margra var forvörn og endurhæfing. Starfshópurinn leit m.a. til vaxandi útgjalda vegna örorku, skorts á öldrunarrýmum og horfði til heilsustefnu Hafnarfjarðar sem unnin var á árunum 2015 – 2016.

Þrjú meginmarkmið heilsustefnunnar eru að: Að efla vellíðan íbúa, efla opin svæði og göngu- og hjólastíga, jafna aðgengi og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu. Öll þessi markmið myndu rúmast í þessari tillögu.

Fyrsta tillaga starfshópsins byggir á því að efla Hafnarfjörð sem heilsuþæg og halda einnig í heiðri því fræðslustarfi sem systurnar á St. Jósefsspítala unnu ötullega að alla tíð.

Fjölbreytt starfsemi á sviði heilsuverndar og sköpunar myndi veita fólki úrræði á fyrstu stigum heilsuþrengis eða til forvarnar og auka þannig lífsgæði og stuðla að hamingjuvexti Hafnfirðinga.

Lagt er til að í húsinu verði samfélag sem býður upp á forvarnir, heilsuvernd, snemmtæka íhlutun, fræðslu og skapandi setur.





NÝTING RÝMA

Aðalbygging

Forvarnir, fræðsla og viðtalsrými fyrir sálfræðinga, félagsráðgjafa, geðhjúkrunarfræðinga, vinnuráðgjafa os.frv.

Skurðstofur- skapandi kjarni Skurðstofurými hentar vel til námskeiðshalds eða uppsetningu á tækjasmiðju þar sem einstaklingar með mismunandi þarfir geta komið og leyft sköpunargáfu sinni að blómstra. Þarna er hægt að gera ráð fyrir ýmis konar smiðjum og námskeiðahaldi fyrir mjög fjölbreytta hópa og í samstarfi við ýmis konar fræðslu og félagasamtök eða jafnvel hópa á vegum bæjarins. Lögð verði áhersla á fjölbreytta aðstöðu til sköpunar hvort sem það er til framleiðslu, þjálfunar eða einfaldlega ánægjunnar vegna. Þjóða mætti upp á myndlistar- og hönnunarnámskeið fyrir börn jafnt sem fullorðna. Sköpunarkjarni sem þessi getur einnig leitt saman ólíka hópa og eflt samskipti og samstarf.

Skurðstofur - skapandi kjarni

Skurðstofurými hentar vel til námskeiðshalds eða uppsetningu á tækjasmiðju þar sem einstaklingar með mismunandi þarfir geta komið og leyft sköpunargáfu sinni að blómstra. Þarna er hægt að gera ráð fyrir ýmis konar smiðjum og námskeiðahaldi fyrir mjög fjölbreytta hópa og í samstarfi við ýmis konar fræðslu og félagasamtök eða jafnvel hópa á vegum bæjarins. Lögð verði áhersla á fjölbreytta aðstöðu til sköpunar hvort sem það er til framleiðslu, þjálfunar eða einfaldlega ánægjunnar vegna. Þjóða mætti upp á myndlistar- og hönnunarnámskeið fyrir börn jafnt sem fullorðna. Sköpunarkjarni sem þessi getur einnig leitt saman ólíka hópa og eflt samskipti og samstarf.

Ris - samtal og mælingar

Í risi væri hægt að vera með viðtalstíma fyrir eldri borgara sem taka þátt í heilsuefningu og forvörnum. Þar geta eldri borgarar fengið mælingar eins og blóðþrýstingsmælingu, sykur í blóði og súrefnismettun. Rýmið hentar vel í einstaklingsráðgjöf í viðtalsherbergjum en einnig eru til staðar stærri rými sem mætti nota í endurhæfingu í litlum hópum. Tekið skal fram að ef frekari rannsókn væri þörf þá ætti slíkt að fara fram á Heilsugæslu Hafnarfjarðar.

NÝTING RÝMA

FRAMHALD

Kjallari og eldhús - grunnurinn

Hægt væri að vera með námskeið í matreiðslu fyrir þá sem skyndilega standa einir í lífinu, fólk sem er að ná tökum á lífinu, flóttafólk og aðra sem þurfa á aðstoð að halda við að læra að elda og versla mat. Þar mætti einnig standa fyrir námskeiðum í næringarfræði í samvinnu við ýmis félagasamtök og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu og þjálfun. Þá gæti eldhús einnig sinnt hluta þeirrar starfsemi sem í spítalanum verður, eftir atvikum.

Kapellan - menning og samvera

Kapelluna má nýta til fjölbreyttra samkoma en lagt er til að hún verði ekki fest of mikið í eitt form. Kapellan getur nýst sem fundarsalur, fyrir námskeiðshald, léttu leikfimi eins og yoga eða stólaleikfimi eldri borgara. Fyrir utan hefðbundinn opnunartíma væri hægt að nýta kapelluna fyrir létt menningarverk, bæjarfundir og leigja aðstöðuna til félagasamtaka vegna funda og námskeiða. Hópurinn leggur til að bærinn forðist að leigja út kapelluna fyrir veislur eða aðra veitingatengda viðburði.

SAMNÝTING ÓLÍKRA REKSTRARÞÁTTA - MÖGULEIKAR

Lykilatriði í tillögu starfshópsins er að sú fjölbreytta starfsemi sem kemur í húsið geti fengið sem mest úr samvinnu og samþættingu hversrar einingar. Undanfarin ár hefur ýmis konar klasastarfsemi þróast á mismunandi sviðum sem hefur auðgað viðkomandi atvinnugreinar og ætti að vera vel mögulegt að byggja um klasasamstarf með bætta heilsu og lífsgæði að leiðarljósi. Sem dæmi má nefna Íslenska sjávarklasann (www.sjavarklasinn.is) sem hefur unnið að samvinnu ólíkra aðila innan sjávarútvegs með góðum árangri.

Að þeirri fyrirmynd hefur Íslenski ferðaklasinn (www.icelandtourism.is) tekið til starfa og Álklasinn (www.alklasinn.is) hefur einnig verið starfræktur í nokkur ár.

Allir þessir klasar eru samvinnuverkefni tiltekinna atvinnuvega en það er ekkert sem mælir gegn því að setja á stofn klasa með eða án þátttöku sveitarfélagsins sem hefur að sameiginlegu markmiði aukin lífsgæði íbúa.

SAMLEGÐ

Samrekstur á sameiginlegum rýmum, t.d. fundaraðstöðu, stærri sölum, salernisaðstöðu, móttöku, ræstiaðstöðu, aðstöðu fyrir starfsfólk (búningsklefar og kaffistofa) o.fl.

Tækifæri til samvinnu á milli aðila. Þetta er lykilforsenda þess að vel takist til með að búa til líf í húsinu. Kúnstin verður að búa til réttu blönduna af stórum sem smáum aðilum sem hafa eitthvað fram að færa sem eykur lífsgæði Hafnfirðinga.

Sameiginleg markaðssetning á þeirri þjónustu sem fer fram í húsinu. Þeir aðilar sem hafa starfsemi í húsinu geti sameinast um að bjóða þjónustu (t.d. ráðgjöf, greiningu, úrræði, námskeið ofl.) til mismunandi markhópa.



TILLAGA 2

ÞJÓNUSTUHÚS FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTU

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar sendi inn nokkrar hugmyndir og er ljóst af þeim sem og tillögum annarra íbúa að mikil þörf er fyrir að hafa þjónustu við íbúa á einum stað. Húsnæði fyrir úrræði ætluð ungum einstaklingum með fötlun í Hafnarfirði er fátæklegt og er skortur á framtíðarhúsnæði sem hýsir félagsstarf og atvinnusköpun áberandi. Starfshópurinn sér fyrir sér að bærinn nýti húsnæðið að fullu til að þjónusta skjólstæðinga fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og jafnvel annarra sveitarfélaga. Til viðbótar væri hægt að vera með forvarnir fyrir eldri borgara á þriðju hæðinni eins og nefnt er í tillögu eitt.

Nýta mætti suðurhluta undir starfsemi sem nokkrir einstaklingar sækja nú utan sveitarfélagsins, eða starfsstöð Fjöliðjunnar. Útfæra mætti félagsstarf og starfsþjálfunaraðstöðu fyrir fjölbreytta hópa sem þegar eru að sækja þjónustu til félagsþjónustunnar í tengslum við aukna virkni og endurhæfingu.

Til viðbótar gætu félagasamtök nýtt hluta húsnæðis til dagvistunar.



TILLAGA 3

HÉRAÐSSKJALASAFN OG DAGVISTUN

Hafnirfirðingar hafa lengi kallað eftir héraðsskjalasafni og er húsakostur St. Jósefsspítala prýðilegur fyrir slíkt safn, einkum þó nýjasti hlutinn þar sem fyrir hendi eru fremur stór rými sem hentað geta sem bæði geymslu og vinnslurými eða lesaðstaða.

Burðarvirki hússins ætti að geta hýst slíkt safn á tveimur hæðum. Gera þyrfti úttekt og vinna þarfagreiningu þar sem skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar er nú staðsett á fleiri en einum stað. Þessi starfsemi í suðurálmú hússins gæti farið með annarri starfsemi en gera þyrfti ráðstafanir vegna öryggis og brunamála sem gætu sett skorður um aðgengi að þeim hluta byggingarinnar.

Í þessari útfærslu er lagt til að félagasamtök eins og t.d. Alzheimer og/eða Parkinson samtökin fái afnot af tveimur efri hæðum fyrir dagvistun sinna skjólstæðinga, en tryggja þarf gott aðgengi og öryggi í tengslum við lyftur á efri hæðum